

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Ársskýrsla 2016

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Árið 2015 var þó samþykkt ný reglugerð sem kveður á um að hælisleitendur séu undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til fræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru fræðsluaðilar þurfa að hafa samning við hæfan viðurkenndan fræðsluaðila sem annast kennsluna.

Starfsemi

Ákveðið var, með breytingu á reglugerð um íslenskukennslu fyrir útlendinga, að hafa framvegis einn umsóknarfrest á ári en fram að þessu höfðu þeir verið tveir, einn á vorönn og svo annar á haustönn. Reglugerðin var samþykkt 30. nóvember 2015 og í kjölfarið var umsóknarfrestur til styrkja ákveðinn 1. febrúar 2016.

Alls bárust 22 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald á árinu 2016 en í þeim var alls sótt um styrki til að halda 407 námskeið fyrir samtals 4.625 nemendur. Heildarfjárbeiðnir námu alls 180,7 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 122,6 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu.

Niðurstaðan varð sú að 21 stofnun hélt samtals 444 námskeið fyrir alls 5.162 nemendur á árinu 2016. 14 þessara stofnana náðu að uppfylla kröfur um tilskilinn nemenda- og/eða námskeiðafjölda á árinu og fengu því úthlutaðan hámarksstyrk en hinar sjö þurftu að skera niður í sinni starfsemi og þurftu að þola hlutfallslega skerðingu sem því nam.

Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali.

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda og greiðslur styrkja.

Tafla 1. Listi yfir styrkþega á árinu 2016

Nafn stofnunar	Áætl. fj. námsk.	Raunfj. námsk.	Áætl. fj. nem.	Raunfj. nem.	Hámarks úthlutun	Raunv. úthlutun	Frávik %
Austurbrú	10	7	100	73	3.000.000	2.145.000	-28,5
Arabísk-íslenska menningarsetrið	2	2	24	33	660.000	660.000	-
Betri árangur	23	23	300	301	7.300.000	7.300.000	-
Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	6	8	60	79	1.950.000	1.950.000	-
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	12	10	120	109	3.600.000	3.135.000	-12,9
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	26	26	260	272	7.800.000	7.500.000	-3,8
Háskóli Íslands – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	2	2	24	31	286.000	286.000	-
ISS Ísland	2	3	30	45	750.000	750.000	-
Jafnréttishús	12	18	140	218	3.900.000	3.900.000	-
Málaskólinn Lingva	16	29	320	605	5.000.000	5.000.000	-
MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	28	24	280	282	8.400.000	7.830.000	-6,8
Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði	5	5	50	64	1.500.000	1.500.000	-
Mímir-símenntun	104	107	1.050	1.128	29.462.000	29.462.000	-
Múltikúlti-íslenska	24	30	240	271	7.200.000	7.200.000	-
Retor	66	68	880	889	23.100.000	23.100.000	-
Reykjavíkurborg	3	6	60	72	1.350.000	1.350.000	-
Saga-Akademía	16	31	180	221	3.600.000	3.600.000	-
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	24	20	240	205	7.200.000	6.075.000	-15,6
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	9	100	91	3.000.000	2.715.000	-9,5
Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	7	7	80	72	2.250.000	2.130.000	-5,3
Þekkingarnet Þingeyinga	9	9	87	101	1.327.000	1.327.000	-
	407	444	4.625	5.162	122.635.000	118.915.000	

Reykjavík 23. mars 2017

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís